

Ed. 816. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

Í 11. gr. laganna bætist ný málsg., sem verður 1. málsg., svo hljóðandi:
Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Ákvörðun um þetta efni skal birta með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir e- og f-liður 1. gr. laga nr. 17 20. apríl 1959.